



## Vísindaferð í vatnsveitu og fráveitu Akraness

VAFRÍ og Varma&Vélaverk bjóða í vísindaferð í vatns- og fráveitu Akraness þann **3. október 2013** frá kl. **13.00 – 17.00**

Vatnsveita Akraness er ein af fáum vatnsveitum á Suðvesturlandi sem nýtir yfirborðsvatn. Vatnsbólið er við Akrafjall og er vatnið síðað og geislað áður en því er veitt til notenda í bænum. Í ferðinni gefst okkur tækifæri á að skoða bæði vatnsbólið og geislahúsið, heyra um sögu vatnsveitunnar og rekstur og fræðast um hreinsibúnaðinn.

Fráveitan á Akranesi er í uppbyggingu sem er ekki lokið. Búið er að reisa dælustöðvar og hreinsistöð í bænum og leggja mikla vinnu í að sameina lagnakerfið en lagning sjólagna frá stöðvunum og kaup hluta vélbúnaðar hefur verið frestað til 2015 - 2016. Hreinsistöðvarbyggingin er svo til tilbúin og hreinsieiningarnar eru komnar þar inn. Hana ætlum við að skoða og þiggja þar léttar veitingar.

Boðið verður upp á rútuferðir frá Reykjavík. Lagt verður af stað kl. 13.00 og komið aftur í bæinn upp úr kl. 17. Félagsmenn VAFRÍ fá ókeypis í ferðina.

**Félagsmenn eru beðnir um að skrá sig sem fyrst með pósti í netfangið [iristh@or.is](mailto:iristh@or.is), en í síðasta lagi fyrir 26. september. Vinsamlega takið fram hvort að þið nýtið rútuferðina.**

### Dagskrá:

- 13.00 lagt af stað frá plani við Varma&Vélaverk, Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík
- 13.45 vatnsbólið í Akrafjalli skoðað – Sigurbjörn Búi Sigurðsson og Gissur Þór Ágústsson hjá OR segja frá sögu, uppbyggingu og rekstri vatnsbólsins
- 14.45 geislahúsið á Akranesi skoðað – Sigurbjörn Búi, Gissur og Varma&Vélaverk segja frá hreinsibúnaði
- 15.30 hreinsistöðin á Akranesi skoðuð – Íris Þórarinsdóttir hjá OR og Varma&Vélaverk segja frá framkvæmdunum og hreinsi- og dælubúnaði. Léttar veitingar í boði.
- 16.30 brottför frá Akranesi
- Komið til Reykjavíkur rúmlega 17

VAFRÍ og Varma&Vélaverk

